

Ed.

587. Breytingartillaga

[211. mál]

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán vegna björgunar skipsins Het Wapen.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJ).

1. gr. orðist þannig:

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að kr. 3 000 000 til rannsóknaborana o. þ. h. vegna leitar að skipinu Het Wapen van Amsterdam á Skeiðarársandi, gegn þeim tryggingum, sem fjármálaráðuneytið telur fullnægjandi, enda liggi fyrir samþykki fjárveitinganefndar. Lánstími og kjör öll á láninu skulu samþykkt af fjármálaráðherra áður en frá lántöku er gengið.